



Alþingi
Erindi nr. P 126/2003
komudagur 25. 4. 2001

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 24. apríl 2001

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um vexti og verðtryggingu (566. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 9. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja um ofangreint frumvarp. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) og Samband íslenskra sparisjóða (SÍSP) hafa ákveðið að senda inn sameiginlega umsögn um málið.

Tildrög málsins má rekja til þess að Samband íslenskra viðskiptabanka (forveri SBV) hafði lengi þrýst á að vaxtalögin yrðu tekin til endurskoðunar með það að markmiði að auka frelsi í dráttarvöxtum og aflétta takmörkunum á notkun verðtryggingar. Í apríl 2000 skipaði ráðherra nefnd til að vinna að endurskoðun laganna og átti framkvæmdastjóri SÍV sæti í henni. Nefndinni var í erindisbréfi m.a. falið að taka tillit til réttarþróunar erlendis.

Þrátt fyrir að það frumvarp sem nú hefur verið lagt fram feli í sér margháttaðar breytingartillögur til betri vegar náðist ekki sátt innan nefndarinnar hvað varðar þau tvö framangreind grundvallaratriði sem SÍV og SÍSP lögðu höfuðáherslu á.

Dráttarvextir í nánast öllum helstu viðskiptalöndum Íslands eru frjálsir, þ.e. viðsemjendur hafa heimild til að semja um þá dráttarvexti sem þeir kjósa. Samkvæmt gildandi vaxtalögum hérlendis ákvarðar Seðlabankinn hins vegar dráttarvexti. Þeir sem hafa lagst hvað harðast á árárnar með því að viðhalda þessu fyrirkomulagi eru dómáram og lögmenn, með vísun í að slíkt fyrirkomulag sé til hægðarauka varðandi vaxtaútreikning bótafjárhæða í dómsmálum. Að mati SBV og SÍSP eru hagsmunir markaðsaðila af því að koma á frelsi í þessum efnun, til samræmis við almennar vaxtareglur, mun ríkari en þeir réttarfarslegu hagsmunir sem nefndir hafa verið. Í því sambandi ber að hafa í huga að erlendis, þar sem dráttarvextir eru almennt frjálsir, hefur þetta ekki reynst vandamál í framkvæmd.

SBV og SÍSP ítreka því fyrri afstöðu sína um frelsi samningsaðila til að semja um dráttarvexti.


Varðandi síðari þáttinn, notkun verðtryggingar, þá er það ekki í samræmi við aukið frjálsræði til samninga á fjármagnsmarkaði að binda beitingu verðtryggingar við tiltekinn lágmarks lánstíma. Þá stangast slík regla á við almenn jafnfræðissjónarmið. Hafa ber í huga að sum lánsform sem heimilt er að verðtryggja, t.d. spariskírteini, er eftir sem áður mögulegt að selja á markaði áður en lánstími er liðinn. Einnig má benda á hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum í þessum efnum. Eigendur eiga þannig kostna á að njóta hagræðis verðtryggingar, jafnvel þótt ætlunin sé að eiga viðskipti á skammtímamarkaði. Loks má nefna að það hlýtur alltaf að verða afar erfitt fyrir opinbera aðila (Seðlabanka) að meta við hvaða tímamark eigi að miða í sambandi við heimild til verðtryggingar.

Öll rök mæla því með því að lagalegar heimildir Seðlabankans til takmörkunar á notkun verðtryggingar, sbr. 15. gr. frumvarpsins, verði afnumdar.

Til viðbótar við framangreind atriði telja umsagnaraðilar nauðsynlegt að gera athugasemdir við ákvæði 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir að verðtrygging sparifjár og lánsfjár skuli miðast við vísitölu neysluverðs. Í 2. mgr. 14. gr. er síðan tekið fram að þó sé heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, eða safn slíkra vísitalna, þegar um lánsamning er að ræða. Ekki verða séð hvaða rök eru fyrir því að takmarka verðtrygginguna við þessar vísitölur. Það gengur gegn almennu sammingsfrelsi, enda getur verið fullkomlega eðlilegt að viðsemjendur fái að nota aðrar viðmiðanir sem þeir koma sér saman um. Til að skýra þetta betur má benda á að eins og lögin eru í dag (og verða að óbreyttu frumvarpi) er óheimilt að tengja lánsamninga í íslenskum krónum við erlenda mynt, t.d. danskar krónur. Hins vegar er ekkert sem bannar að lána beint í erlendu myntinni. Slík lög leiða eðlilega til þess að menn velja síðari leiðina, ef þeir sjá sér hag í því, enda skiptir lántakandinn erlendu myntinni í íslenskar krónur við móttöku lánsfjár. Þá ýtir þetta undir að aðilar fari aðrar og mun áhættusamari leiðir, t.d. með því að gera afleiðusamning sín á milli fremur en almennan lánsamning, en afleiður eru undanþegnar verðtryggingu sbr. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Tenging við vísitölur eða sérstakar viðmiðanir er eðlilegur hluti af áhættustýringu á fjármálamarkaði í dag. Óeðlilegt er að opinber fyrirmæli hindri þann þátt starfseminnar. Þrýnna er að opinbert eftirlit vinni í samvinnu við markaðsfyrirtækin að því að tryggja að skilmálar í slíkum samningum séu skýrir og valdi engum vafa um túlkun síðar.

SBV og SÍSP leggja því til að ákvæði 14. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri